

TILSKIPUN RÁÐSINS 96/24/EB**frá 29. apríl 1996****um breytingu á tilskipun 79/373/EBE um markaðssetningu blandaðs fódurs(*)**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 43. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar⁽¹⁾,með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins⁽²⁾,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Tilskipun ráðsins 77/101/EBE frá 23. nóvember 1976 um markaðssetningu óblandaðs fódurs⁽⁴⁾ hefur verið felld úr gildi með tilskipun ráðsins 96/25/EB frá 29. apríl 1996 um dreifingu fódurefna, þar sem breytt er tilskipun 70/524/EBE, 74/63/EBE, 82/471/EBE og 93/74/EBE og tilskipun 77/101/EBE felld úr gildi⁽⁵⁾.

Með tilskipun 96/25/EB er einkum miðað að því að eyða innbyrðis mismun í löggjöf aðildarríkjanna um óblandað fódur og hráefni. Í þeim tilgangi er í henni sett fram yfir hugtakið „fódurefni“ og skilgreining á því hugtaki sem tekur bæði til óblandaðs fódurs og hráefna. Því ber að setja nýja hugtakið og skilgreiningu þess, samkvæmt tilskipun 96/25/EB, í stað gömlu hugtakanna og skilgreininga þeirra í tilskipun 79/373/EBE⁽⁶⁾. Þessar breytingar hafa áhrif á skilgreiningu fódurblandna.

Nota ber skrána í B-hluta viðaukans við tilskipun 96/25/EB við dreifingu fódurefna óháð áætlaðri notkun þeirra, svo og við merkingu fódurefna sem notuð eru í fódurböndum.

Í tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 92/87/EBE frá 26. október 1992 um gerð skrár, sem ekki er tæmandi, yfir helstu innihaldsefni sem algengt er að nota og markaðssetja til framleiðslu á fódurböndum handa öðrum dýrum en gæludýrum⁽⁷⁾ er sett fram skrá yfir innihaldsefni til nota við merkingu fódurblandna. Gera ber ráðstafanir til að tryggja að tilskipun 92/87/EBE verði felld úr gildi við gildistöku A- og B-hluta viðaukans við tilskipun 96/25/EB.

SAMPYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Tilskipun ráðsins 79/373/EBE er hér með breytt sem hér segir:

1. Í a-lið 2. mgr. 1. gr. komi hugtakið „fódurefni“ í stað hugtaksins „óblandað fódur“.
2. Í stað hugtaksins „innihaldsefni“ komi hugtakið „fódurefni“.
3. Í stað b-liðar 2. gr. komi eftirfarandi:
„b) fódurböndur: fódurefnablöndur, með eða án aukefna, gefin dýrum um munn, í formi heilfódurs eða fódurbætis.“
4. Í stað k-liðar 2. gr. komi eftirfarandi:
„k) fódurefni: ýmsar afurðir úr jurta- eða dýraríkinu, eins og þær koma fyrir í náttúrunni, nýjar eða varðar skemmdum, svo og vinnsluafurðir þeirra og lífræn eða ólífræn efni, með eða án aukefna, gefin dýrum um munn, annaðhvort óbreytt eða eftir vinnslu til framleiðslu fódurblandna eða sem burðarefni forblandna;“
5. b-liður 10. gr. falli brott.
6. Í 1. undirlið a-liðar 10. gr. komi eftirfarandi í stað orðanna „sem um getur í b-lið 10. gr.“: „yfir helstu fódurefni sem skráð eru í B-hluta viðaukans við tilskipun ráðsins 96/25/EB frá 29. apríl 1996 um

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjttð. EB L 125, 23.5.1996, bls. 33, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 101/1999 frá 24. september 1999 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.

(1) Stjttð. EB nr. C 238, 26. 8. 1994, bls. 6.

(2) Stjttð. EB nr. C 305, 31. 10. 1994, bls. 146.

(3) Stjttð. EB nr. C 102, 24. 4. 1995, bls. 12.

(4) Stjttð. EB nr. L 32, 3. 2. 1977, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 90/654/EBE (Stjttð. EB nr. L 353, 17. 12. 1990, bls. 48).

(5) Stjttð. EB nr. L 125, 23. 5. 1996, bls. 35.

(6) Stjttð. EB nr. L 86, 6. 4. 1979, bls. 30. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 93/74/EBE (Stjttð. EB nr. L 237, 22. 9. 1993, bls. 23).

(7) Stjttð. EB nr. L 319, 4. 11. 1992, bls. 19.

dreifingu fódurefna, þar sem breytt er tilskipun 70/524/EBE, 74/63/EBE, 82/471/EBE og 93/74/EBE og tilskipun 77/101/EBE felld úr gildi(*).

(*) Stjtið. EB nr. L 125, 23. 5. 1996, bls. 35“;

7. Í stað 2. undirliðar a-liðar 10. gr. komi eftirfarandi:

„2. Aðildarríkin skulu tryggja að virt séu ákvæði undir I., II., III. og IV. efnislið í A-hluta „Almennt“ í viðaukanum við tilskipun 96/25/EB.“;

8. Í stað 11. gr. komi eftirfarandi:

„11. gr.

Með tilliti til markaðssetningar innan bandalagsins skulu merkingarnar, sem prentaðar eru á fylgiskjal, umbúðir, innri umbúðir eða áfestan miða, vera á einu eða fleiri þeirra tungumála sem viðtökulandið velur úr þjóðtungum eða opinberum tungumálum bandalagsins.“

2. gr.

Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnarsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 30. júní 1998. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

3. gr.

Ákvæðin sem samþykkt eru öðlast gildi 1. júlí 1998. Þó skulu aðildarríkin mæla fyrir um að heimilt sé að dreifa áfram fódurblöndum, sem markaðssettar eru fyrir 1. júlí 1998 og samrýmast ekki þessari tilskipun, allt til 30. júní 1999.

4. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á 20. degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

5. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Lúxemborg 29. apríl 1996.

Fyrir hönd ráðsins,

W. LUCHETTI

forseti.